

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2013

Uppgjöri mjólkur vegna verðlagsársins 2013 var ekki lokið fyrir aðalfund SAM árið 2014.

Samkvæmt upplýsingum Bændasamtaka Íslands var nýting greiðslumarks samkvæmt tilkynningum um innvigtun, heimanotkun og skráðri nýtingu samkvæmt sérsamningum árið 2013 samtals 122.984.859 lítrar. Samkvæmt sömu heimild tóku aðildarfélag SAM samtals á móti 122.912.523 lítrum.

Á verðlagsárinu 2013 nam útflutningur, af hálfu aðildarfélaga SAM, 1.134.341 kg af mjólkurvörum sem umreiknast samkvæmt ríkisstuðlum yfir í 5.887.516 lítra mjólkur á próteingrunni og 3.887.239 lítra á fitugrunni. Útflutningur einstakra vörutegunda innan verðlagsársins og umreikningur yfir í mjólk samkvæmt gildandi ríkisstuðlum, var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2013

Vöruflokkur	Kiló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	681.036	28.078	2.392.993
Smjör	162.000	3.355.506	235.386
Ostar	66.305	469.905	635.412
Undanrennuduft	225.000	33.750	2.623.725
Samtals:	1.134.341	3.887.239	5.887.516

Sala mjólkur á innanlandsmarkaði á verðlagsárinu 2013 var meiri en úthlutað greiðslumark ársins. Aukinni sölu var mætt með því að óska eftir heimild til þess að markaðssetja mjólk utan greiðslumarks á innanlandsmarkað og með því að ganga á birgðir mjólkurvara í landinu. Mismun á úthlutaðu greiðslumarki og sölu mjólkurvara er þannig mætt með birgðastjórnun mjólkurvara á landsvísi.

Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör vegna verðlagsársins 2013 mun verða lagt fyrir Samstarfsnefnd SAM og BÍ til staðfestingar.